



Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla
Haldinn 9. október 2011 á sal Akurskóla

Mættir: Elísabet, Erla, Guðmunda, Guðmundur, Katrín, Kristín og Jóna.

1. Styrkjamál. Guðmundur kom með áætlun yfir þá styrki sem má búast við árlega. Félagið er vel stætt sem komið er og því hægara um vik að bæta við styrkina eftir því sem við á og auðveldara að styrkja ný málefni. Ákvörðun um sölu á höfuðbuffum verður tekin þegar skírist hvernig innheimta félagsgjalda verður.
2. Peysumál. Stjórn ályktar að skólapeysur skulu vera óbreyttar. Ef vilji er hjá 10. bekk að bæta við skólábuxum þá er þeim það frjálst en verður alfarið í þeirra umsjá en ekki á vegum FFA.
3. Fræðslukvöld 18. október. Kynning á Olweusaráætlun skólans í umsjón Lovísu námsráðgjafa og fræðsluerindi frá Þorláki Helgasyni um einelti og foreldrasamfélag. Bekkjarfulltrúar verða beðnir um að hringja út og minna á fundinn. Jóna Guðrún mun kaupa eitthvað með kaffinu og bókar salinn.
4. Heimasíða. Erla og Guðmunda hafa tekið saman það sem þarf að breyta á heimasíðu skólans fyrir FFA. Guðmunda á fund með skólaritara v. þessa.
5. Umfjöllun í Korninu. Elísabet og Erla hafa tekið saman það efni sem á að birta í Korninu. Hugmyndir fyrir nóvember blaðið gæti verið umfjöllun um fræðslukvöldið, umfjöllun um ég og þú og auglýsing fyrir laufabrauðsgerðina.
6. FFGÍR. ákveðið að skipta FFGÍR fundum á milli stjórnarmanna. okt. Erla, nóv. Guðmunda, des. Elísabet, jan. Katrín, feb. Kristín, mar. Halldóra, apr. Guðmundur, maí Jóna.
7. Skólaráðsfundur. Næsti fundur 15.okt og mál f. fundinn: skólanámsskrá, sorgarviðbrögð heimili/skóli, stefna skólans v. kennslu í heimilisfræði, meiri og betri notkun á Mentor.
8. Fá fulltrúa frá skólamat til að koma á opinn fund 20.febrúar
9. Þakkarbréf til skipulagssviðs v. umferðarmál. Guðmunda sér um það.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðmunda Hergeirsdóttir